

Gos í Eyjafjallajökli - staða 21. maí 2010 kl. 19:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigprúði Ármannsdóttur, Matthew J. Roberts, Teiti Arasyni, Bergþóru S. Þorbjarnardóttur, Magnúsi Tuma Guðmundssyni og Gunnari Sigurðssyni.

Byggt á: Athugunum úr flugi kl. 18, jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurratsjá, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og NOAA gervihnattamynd.

Gosmökkur: Hæð: Gosmökkurinn er í um 3–3,5 km, kl. 18:50 mældist hann í 3,6 km hæð. Fram eftir degi bar hæg suðvestanátt mökkinn til norðausturs en síðdegis barst hann til norðvesturs.

Stefna: Norðaustur fyrst og síðan norðvestur.

Litur: Ljósgrár.

Gjóskufall: Engar tilkynningar hafa borist af öskufalli í dag. Á Neðri-Þverá og Hlíðarendakoti í Fljótshlíð var tilkynnt um bláleitar gufur sem kæmu úr Fljótsdal og út með hlíðinni i einskona skýjum með rotnunarfýlu (valda fólki höfuðverk þegar þau eru dökk).

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar frá klukkan 13 í gær.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli er frá Gígjökli. Í dag er verið að setja upp vatnshæðarmæli í Kaldaklifsá.

Aðstæður á gosstað: Gosið hefur minnkað mjög og nú rís veikur gosmökkur með lítilli gjósku upp úr vestanverðum gígnum. Engar umtalsverðar sprengingar og hraun rennur ekki frá gígnum.

Órói: Óróinn hefur verið að lækka frá því í gærkveldi. Í morgun hækkaði hann þó í um tvo tíma en hefur eftir það haldið áfram að lækka.

Jarðskjálftar: Á þriðja tug skjálfta hafa mælst í jöklinum frá miðnætti, flestir grunnir.

GPS-aflögun: Láréttar færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls en óreglulegar sveiflur í hæð GPS-stöðva næst eldstöðinni síðustu sólarhringa.

Heildarmat: Stórlega hefur dregið úr gosinu og má ætla að kvikuflæðið sé nærri 5 tonn/s. Þetta efni kemur upp sem gjóska í gosmekki sem rís um 1,5-2 km upp fyrir gíginn. Ekkert hraunrennsli er úr gígnum.